

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um ferðakostnað ráðuneytisins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver hefur verið heildarkostnaður ráðuneytisins og fyrirrennara þess (dómsmálaráðuneytis, dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis) vegna ferðalaga til útlanda ár hvert frá og með 2003?
2. Hverjar hafa á sama tíma verið dagpeningagreiðslur til ráðherra og maka ráðherra á hverju ári, sundurliðaðar eftir ráðherrum?
3. Hve margir voru í föruneyti ráðherra í hverri þessara ferða og hver var heildarkostnaður við hverja ferð?
4. Hvert var tilefni ferðanna og hve lengi stóð hver ferð?  
Allar kostnaðartölur óskast settar fram á nógildandi verðlagi.

Skriflegt svar óskast.